



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um bætta stjórnsýslu í umgengismálum, þskj. 157, 90. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Lýtur tillagan að því að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum sem varða úrræði sýslumanns í umgengismálum sem og að tryggja fjármögnun verkefnisins með það að markmiði að foreldrar og börn þurfi ekki að bíða eftir aðgerðum af hálfu sýslumanns. Í tillögunni segir einnig að sérstaklega skuli huga að því hvernig tryggja megi styttri málsmeðferðartíma, að ákvæði 47. gr. a barnalaga um bráðabirgðaumgengni nýtist í þágu barns, að gætt sé að hagsmunum og réttindum barna með tilliti til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að dagsektarúrræði sýslumanns verði einfaldað og gert áhrifaríkara, að meðlag verði tengt við umgengni, að endurtekin brot á umgengnissamningi verði ekki meðhöndluð sem ný mál og að auðveldara verði að fá gjafsókn í forsjármálum.

MRSÍ styður tillöguna og vísar til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013 og ákvæða barnalaga nr. 76/2003. Samkvæmt lögum þessum skal ávallt taka mið af því sem barni er fyrir bestu þegar teknar eru ákvarðanir um málefni er þau varða. Enn fremur eiga börn rétt á vernd og umönnun. Þau eiga einnig rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og óskir, í samræmi við aldur þeirra og þroska, og að tekið sé tillit til þeirra.

Eins og staðan er í dag tekur málsmeðferð hjá sýslumanni í umgengnisréttarmálum, hvort sem um er að ræða samkomulag um umgengni, tálmunarúrræði, o.s.frv., marga mánuði og brýnt er að úr því verði bætt. Ákvæði 33. gr. a barnalaga skyldar foreldra til að leita sátta áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál vegna forsjár, lögheimilis, umgengni, dagsekta eða aðfarar. Margt bendir til að þetta sáttameðferðarúrræði hafi í mörgum tilvikum orðið til þess að lengja málsmeðferð til muna, sem hlýtur að bitna á hagsmunum allra hlutaðeigandi, ekki síst barna. Því er brýnt að bæta úr.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands


Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri